

Mál nr. 345/2013
M
og V v/ slysátryggingar ökumanns bifhjólsins X.

Takmörkun ábyrgðar vegna stórkostlegs gáleysis vegna umferðarslyss 25. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 28. október 2013.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifhjólinu X, sem M ók, og bifreið á Tangagötu í Vestmannaeyjum. Málsatvik og sakarskipting eru sértaklega tilgreind í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 270/2013 sem kveðinn var upp 24. september 2013. Þar kemur fram að M, sem ökumaður X, hafi ekið yfir leyfilegum hámarkshraða og með þeim hætti að aksturslag hans er metið til stórkostlegs gáleysis. Mat nefndarinnar á aksturslagi M í umræddum úrskurði er hér lagt til grundvallar, en engin ný gögn liggja fyrir sem breyta álitni nefndarinnar á háttsemi M. Því stendur einungis eftir ágreiningur um hversu mikið V getur takmarkað ábyrgð sína í skilningi 2.mgr. 27.gr. (eftir atvikum 90.gr.) laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur V ekki heimilt að takmarka ábyrgð sína um helming eins og það hefur gert. Í fyrsta lagi þar sem M mótmælir því að hafa sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og í öðru lagi með vísan til dómafordæma um sömu takmörkun ábyrgðar, einkum í málum Hrd. 384/2011, Hrd. 38/2012 og Hrd. 623/2012. Háttsemi M hafi ekki verið eins alvarleg og í þeim dómum og því eigi ekki að takmarka bætur til hans með sama hætti og í þeim.

V telur með vísan til dóma í Hrd. 384/2011 og Hrd. 44/2013 eigi að takmarka ábyrgð félagsins að hálfu leyti og staðfestir niðurstöðu félagsins um viðurkenningu á greiðsluskyldu upp að 50% úr slysátrygging ökumanns X.

Álit.

Eins og áður segir hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu í máli nr. 270/2013 að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur sinn í aðdraganda áreksturs sem leiddi til líkamstjóns M. Eins og áður segir stendur það mat nefndarinnar óbreytt. Þegar litið er til þess með hvaða hætti V getur takmarkað ábyrgð sína skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Í þessu máli er ljóst að M ók langt yfir leyfilegum hámarkshraða við aðstæður sem þurfti að gæta fyllstu varúðar við og þar sem mátti búast við umferð þó hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við aksturinn. Með hliðsjón af þessu verður ábyrgð V takmörkuð um 50%.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu bifhjólsins X hjá V, en greiðsluskylda er takmörkuð við 50%.

Reykjavík 12. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.